

Athugasemdir varðandi frumvarp til laga um Vatnajökulspjóðgarð

Sendandi:

Ferðaklúbburinn 4x4

Mörkinni 6

105 Reykjavík

Ferðaklúbburinn 4x4 fagnar áformum um stofnun Vatnajökulspjóðgarðs. Lítt snortin náttúra Íslands er líkleg til að verða í framtíðinni mestu verðmæti Íslendinga og verðum við því að umgangast hana með fyllstu gát. Verndun náttúrunnar sem miðar að því að halda mannvirkjagerð á hálandinu í lágmarki en jafnframt gefa hinum ýmsu ferðahópum kost á að stunda ferðalög og útivist á svæðinu, er að okkar mati mikilvæg

Frumvarp til laga um Vatnajökulspjóðgarð stuðlar í megin dráttum að þessum markmiðum. Þó veldur það óneitanlega vonbrigðum þegar horft er til þess að það ferðafolk sem í dag nýtir til ferðalaga svæðið sem fyrirhugað er að verði þjóðgarður skuli ekki vera með í ráðum við mótun frumvarpsins. Kunnátta þessara hópa og ást þeirra á svæðinu hlýtur að vega þungt og því ætti rödd þeirra að hafa áhrif. Á þetta ekki jafnt við um þá sem stunda jeppaferðir á jöklinum, vélsleðaferðir, gönguferðir eða gönguskíðaferðir, en samtök allra þessara hópa eiga aðild að SAMÚT.

Sérstök ástæða er til að vekja athygli á því sem segir í 2.gr. frumvarpsins um markmið þjóðgarðsins:

Auðvelda skal almenningi aðgengi að þjóðgarðinum eftir því sem unt er án þess að náttúra hans spillist og veita fræðslu um náttúru, sögu og mannlíf svæðisins."

Samhliða því sem aðgengi er opnað fyrir nýjum hópum að þeim náttúruperlum sem þjóðgarðurinn inniheldur hlýtur að vera kappsmál að þeir sem í dag ferðast um Vatnajökul og nágrenni hans geti haldið því áfram, enda hafa þessir hópar kappkostað að ferðast í sátt við náttúruna og án þess að spjöll eigi sér stað.

Hér á eftir eru athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

4 grein:

Ekki er gert ráð fyrir að notendur þjóðgarðsins eigi aðild að stjórn hans líkt og aðrir hagsmunaaðilar og er þó óumdeilanlegt að hér er um verulega hagsmuni að ræða. Ferðaklúbburinn 4x4 er ásamt öðrum útivistar- og ferðafélögum aðili að SAMÚT, Samtökum útivistarfélaga. Við teljum að eðlilegt væri að SAMÚT tilnefni fulltrúa í stjórn Vatnajökulspjóðgarðs. Að baki þeirra félagasamtaka sem mynda SAMÚT eru um 30.000 félagsmenn og innan þeirra er meginþorri þeirra Íslendinga sem í dag stunda ferðalög á Vatnajökli.

12 grein:

Við leggjum til að fulltrúi SAMÚT komi að gerð verndaráætlunar frá upphafi. Þar ber að geta að kunnátta á svæðinu liggur hjá ferðafólki og mikilvægt að tryggja

umferðarétt almennings um svæðið. Verndunaráætlun þarf að miða að því að vernda náttúruna, en jafnframt að taka tillit til þess að almenningur hafi tækifæri til að njóta hennar. Mikilvægt er að almenn og góð sátt ríki um verndaráætlun og er það best tryggt með því að rödd ferðafólks hafi áhrif á gerð hennar..

15. grein

Hér er fjallað um umferð í þjóðgarðinum og er því sú sem hvað mest snertir hagsmuni þeirra sem í dag ferðast um það svæði sem fellur undir þjóðgarðinn eftir stofnun hans. Í náttúruverndarlögum er bann við akstri utan vega með undanþáguákvæði um akstur á snjó og frosinni jörð. Samkvæmt ákvæðum greinarinnar er gengið nokkuð lengra innan þjóðgarðisins.

Annars vegar er kveðið á um að gerð sé grein fyrir öllum vegum sem heimilt er að aka á innan þjóðgarðsins. Þetta þýðir að þjóðgarðsyfirvöld ákveða hvaða vegir og vegslóðar eru viðurkenndir og hverjir ekki. Vissulega má segja að hér sé um nokkra þrengingu að ræða þar sem þetta ákvæði opnar á að vegum sem notaðir eru til umferðar í dag sé lokað til frambúðar af þjóðgarðsyfirvöldum. Engu að síður er það okkar mat að þetta ákvæði sé nauðsynlegt til að unnt sé að koma með markvissari hætti í veg fyrir utanvegaakstur innan þjóðgarðsmarkanna.

Hins vegar er ákvæði sem þrengir að heimild til akstur á snjó og frosinni jörð þar sem slíkur akstur virðist vera bundinn "leyfðum vetrarakstursleiðum". Þetta ákvæði er veruleg atлага að frjálsri ferðamennsku og verður ekki séð að þjóni þeim tilgangi að vernda náttúruna. Auk þess er þessi leið ekki framkvæmanleg og tekur ekki tillit til margbreytilegra aðstæðna í vetrarríki hálendisins.

Ferðamennska hefur breyst mikið síðustu tugi ára. Í árdaga voru menn að ferðast frá A til B, en nú ferðast fólk til að njóta náttúrunnar. Í því felst að fara víða um og skoða það sem fyrir augu ber. Til þess þarf að fara víða um til að geta notið þess sem þjóðgarðurinn hefur upp á að bjóða. Að aka um að vetri gefur okkur tækifæri til að njóta náttúrunnar án þess að hætta sé á náttúruskemmdum enda skal aka á snævi þakinni og frosinni jörð.

Þess ber að geta að snjóalög leggjast mismunandi eftir árstíðum og veðurfari og þessvegna verður að vera möguleiki að velja mismunandi leiðir eftir hvernig snjór leggst. Samkvæmt athugasemdum við frumvarpið virðist ætlunin með þessu ákvæði vera að stýra vetrarumferð þannig að hún sé einungis á þeim svæðum sem þola slíka umferð. Það má hins vegar vera ljóst hverjum þeim sem þekkir til vetrarferða á hálendinu að með þessu skapast þvert á móti hætta á að umferð sé stýrt á svæði sem síður þola umferð, þ.e. svæði þar sem skyndileg hlánun hefur átt sér stað. Í dag leitar ferðafólk að leiðum þar sem aðstæður til aksturs eru góðar og þannig stýrist umferðin sjálfkrafa. Það er með öllu óvinnandi vegur fyrir þjóðgarðsverði að hafa þá yfirsýn sem þarf til að stýra þessu með vitrænum hætti.

Jöklar hlaupa reglulega og verða ófærir og hættulegir, sprungur eru misjafnlega opnar eftir árstíðum og eftir hvernig jöklabúskapur hefur verið og því þarf að velja leiðir upp á jökla eftir aðstæðum hverju sinni. Það er í alla staði farsælla að ferðafólk velji sér leiðir sjálft en að slíkt val eigi sér stað af yfirvöldum.

Þegar hlýindakaflar hafa verið að hausti eða vetri safnast vatn og krapí í lægðir og verður því að geta valið vetrarleiðir eftir landslagi og hættu á náttúruskemmdum. Það er mat allra sem þekkja til vetrarferða að framangreint ákvæði sé ekki aðeins óframkvæmanlegt heldur geti beinlínis verið hættulegt bæði ferðafólki og náttúrunni.

Við leggjum því til að þetta ákvæði verði felld út og í staðin gildi ákvæði náttúruverndarlaga um akstur á snjó og frosinni jörð, enda er það besta leiðin til að skapa aðgengi að náttúrunni án þess að henni stafi hættu af umferðinni.

18 grein

Í greininni er þjóðgarsverði gefið vald til að loka svæðum fyrirvaralaust ef hættu er á að umferð geti spillt náttúrunni eða lífríkinu, enda geta þær aðstæður komið upp að slíkar lokanir séu óhjákvæmilegar. Ekki virðast vera tímamörk á slíkum lokunum en æskilegt væri að þær þurfi að staðfesta af stjórn þjóðgarðsins inna ákveðinna tímamarka.

19 grein

Sérstaklega er tiltekið að umhverfisverndarsamtök eigi kærurétt varðandi ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli laganna. Það skýtur mjög skökku við að útivistarsamtök virðast ekki eiga sambærilegan kærurétt, enda eru þau hagsmunasamtök notenda þjóðgarðsins.

20 grein

Eins og rökstutt hefur verið hér að framan er full ástæða til að fulltrúar útivistarsamtaka komi að gerð reglugerðar um þjóðgarðinn, enda er innan þeirra veruleg þekking á þessu landsvæði. Aðkoma SAMÚT að þessu hlýtur því að vera verulegur fengur fyrir framgang þessa máls.

21 grein

Það telst til verulegrar stefnubreytingar í ferðamennsku á Íslandi að ferðafólki sé gert að greiða fyrir það eitt að njóta náttúrunnar (svonefnt “glápgjald”). Væntanlegur Vatnajökulþjóðgarður kemur til með að ná yfir 15% af landinu og 70% af jöklum landsins. Við vörum stórlega við öllum hugmyndum um að selja aðgang að þessari náttúru. Gjaldtaka skal vera fyrir veitta þjónustu en ekki fyrir það eitt að njóta náttúrunnar. Það má benda á að ferðafólk á stærsta hluta þess svæðis sem fer undir þjóðgarðinn er ekki að njóta neinnar þjónustu og æskir ekki neinnar þjónustu, heldur er þvert á móti að sækjast í einfaldleikann og ósnortna náttúru.

F.h. Ferðaklúbbsins 4x4

Benedikt Magnússon
formaður